

## 42. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, aukafundur, Végarði 16. 04 2020, kl. 13:30

---

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Eiríkur J. Kjerúlf. Undir 1. lið mætti Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnisstjóri „Fögur framtíð í Fljótshreppi“. Undir 2. lið var Kristinn Bjarnason lögfræðingur sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði.

### Dagskrá:

1. **Byggðarkjarni í Fljótshreppi, staðarvalskönnun TGJ**  
Fundargerð Samfélagsnefndar 08.04 2020
2. **Umsóknir um stöðu sveitarstjóra Fljótshrepps**
3. **Önnur mál**

#### 1. Byggðarkjarni í Fljótshreppi, staðarvalskönnun TGJ

Fundargerð Samfélagsnefndar 08.04 2020. Kynnt.

Ásdís fór yfir skýrslu TGJ um byggðarkjarna í Fljótshreppi.

Sveitarstjórn er sammála um að skoðaðir verði nánar þeir 3 staðir sem skoruðu hæðst í skýrslu TGJ. Oddvita og verkefnisstjóra samfélagsnefndar falið að hafa samband við þessa 3 aðila og athuga hvort áhugi sé hjá þeim að láta land undir íbúabyggð.

#### 2. Umsóknir um stöðu sveitarstjóra Fljótshrepps

Oddviti kynnti umsóknir um starf sveitarstjóra Fljótshrepps sem bárust á umsóknarfresti. Alls bárust 18 umsóknir.

Oddviti lagði til að öllum umsækjendum verði sendur svohljóðandi tölvupóstur:

*Sveitarstjórn þakkar þér fyrir umsókn þína um starf sveitarstjóra Fljótshrepps.*

*Verið er að vinna úr upplýsingum sem fram komu í þeim umsóknum sem bárust með hliðsjón af þeim áhersluatriðum sem tilgreind voru í auglýsingu um starfið.*

*Að því loknu er ráðgert að taka viðtöl við umsækjendur og má vænta að þau fari fram fimmtudaginn 23. apríl og föstudaginn 24. apríl í næstu viku. Vegna þeirra aðstæðna sem nú ríkja munu viðtölin fara fram með fjarfundarbúnaði (Teams), í hljóð og mynd ef kostur. Haft verður samband við þig um nánari tímasetningu og fyrirkomulag.*

*Áréttað skal að samkvæmt 2. mgr. 7. gr. upplýsingalaga nr. 150/2012 hvílir á sveitarstjórn skylda til að veita upplýsingar um nöfn og starfsheiti umsækjenda um starf sveitarstjóra, þegar umsóknarfrestur er liðinn, sé eftir því leitað. Slík beiðni hefur þegar borist og gert ráð fyrir umbeðnar upplýsingar verði veittar fyrir lok dags næstkomandi mánudag 20. apríl. Ef þú*

*hefur athugasemdir er óskað eftir að þeim verði komið á framfæri fyrir kl. 12.00 mánudaginn 20. apríl.“*

Oddviti kynnti drög að samantektarblaði þar sem gert er ráð fyrir að upplýsingar um hvern einn umsækjenda verði færðar inn. Oddviti lagði til að hann ásamt varaoddvita og lögmanni sveitarfélagsins útbúi samantektarblað um hvern og einn umsækjenda þar sem færðar verði inn upplýsingar úr umsóknargögnum um þau áhersluatriði um hæfni og menntun sem vísað var til auglýsinga og að þessi gögn verði send sveitarstjórnarmönnum.

Oddviti lagði til að fullskipuð sveitarstjórn taki viðtöl við alla umsækjendur í gegnum fjarfundabúnað.

Stefnt verði að því að ákvörðun um ráðningu sveitarstjóra verði tekin á aukafundi sveitarstjórnar sem haldinn verði fyrir lok apríl.

Samþykkt samhljóða.

### **3. Önnur mál**

- a) Tekið hefur verið frá fjármagn til lagfæringa á þeim heimreiðum sem verst eru farnar. Framkvæmdarstjóri hefur samband við Vegagerðina og ræðir við þá um að leggja upp verk- og kostnaðaráætlun vegna þessa.
- b) Anna Jóna benti á að Jónas Bragi Hallgrímsson er án atvinnu í augnablikinu og mætti nýta hann í viðgerðir á Melarétt. Oddvita falið að skoða aðstæður og koma málinu af stað.
- c) Sveitarstjóra falið að minna landeigendur og umráðamenn jarða um að viðhaldi á girðingum meðfram vegum á að vera lokið fyrir 30. júní. Landeigendur og umráðamenn jarða eru líka minntir á að Vegagerðin greiðir fyrir viðhaldskostnað girðinga með stofn-og tengivegum.

Fundi slitið klukkan 17:30

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson (sign)  
Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)  
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)  
Eiríkur J. Kjerúlf (sign)  
Lárus Heiðarsson